

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 159 (5.11.2025) - Gaddstaðir 31, L226269. Gaddstaðir Studio. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis

Málsnúmer	: 2511004
Málsaðili	: Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Niðurstaða (stutt)	: Samþykkt
Fundardagur	: 04.11.2025
Inngangur	: Sýslumaður á Suðurlandi óskar eftir umsögn vegna beiðni Björns Stefánssonar fyrir hönd Gaddstaðar ehf., kt. 570220-1010 um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "C" minna gistiheimili fyrir rýmisnúmer 030101, 17,6 m², fyrir 2 gesti, rýmisnúmer 030102, 16,8m² fyrir 2 gesti og rýmisnúmer 030103, 17,6 m² fyrir 2 gesti á lóðinni Gaddstaðir 31, L226269, F2368622 í Rangárþingi ytra. Umsókn barst 03.11.2025.
Niðurstaða	: Umrædd húsnæði eru á skilgreindu íbúðarsvæði skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Deiliskipulag liggur fyrir af viðkomandi svæði. Á íbúðarlóðum í dreifbýli er heimilt að vera með gistingu fyrir allt að 10 manns í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við umbeðna umsókn.